

# Tryggjum nærsamfélaginu ávinning af orkuvinnslu

Kynning á niðurstöðum starfsnefndar Samtaka orkusveitarfélaga  
Fundargögn vegna aukaaðalfundar

Apríl 2023

# Samtök orkusveitarfélaga

Samtökin voru stofnuð 2011 og eru aðildarsveitarfélög 20:

- Ásahreppur
- Bláskógabyggð
- Fjarðabyggð
- Fljótsdalshreppur
- Flóahreppur
- Grindavíkurbær
- Grímsnes- og Grafningshreppur
- Hafnarfjarðarkaupstaður
- Hrunamannahreppur
- Húnabyggð
- Múlaþing
- Norðurþing
- Rangárþing ytra
- Reykjanesbær
- Seltjarnarnesbær
- Skaftárhreppur
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur
- Sveitarfélagið Hornafjörður
- Sveitarfélagið Ölfus
- Þingeyjarsveit



**Samtök orkusveitarfélaga** eru hagsmunasamtök sveitarfélaga sem hafa hagsmuna að gæta hvað varðar nýtingu orkuauðlinda innan sveitarfélagsins.



## Tilgangur samtakanna er

- Að standa vörð um hagsmuni aðildarsveitarfélaga í öllum málum sem tengjast byggingu orkuvera og virkjana, orkunýtingar, fjárhagslegum hagsmunum í þessu sambandi og umhverfismálum.
- Að taka þátt í mótun reglna um skattlagningu virkjana og orkufyrirtækja ásamt öðrum fjárhagslegum og umhverfislegum atriðum sem tengjast nýtingu orkuauðlinda.

# Horft til baka

2011

Samtök  
orkusveitarfélaga  
stofnuð

2020

Starfshópur um skattlagningu  
orkumannvirkja  
Enginn sjáanlegur árangur

2023

Starfsnefnd leggur fram  
sameiginleg markmið

2017

Starfshópur um skattlagningu  
orkumannvirkja  
Enginn sjáanlegur árangur

2021

Kvörtun til ESA vegan ólögmeats  
ríkisstuðnings


Afslættir af fasteignasköttum ekki talin  
andstæð EES-rétti

A close-up photograph of a dense carpet of vibrant green moss, showing individual leaf-like structures and small stems. The lighting is soft, highlighting the texture and color variations of the moss.

“

Hlutverk nefndarinnar er að vinna tillögur að breytingum hvað varðar tekjur sveitarfélaga af orkuframleiðslu, leggja fram drög að nýju lagaumhverfi um orkuvinnslu á Íslandi og koma á virku samtali allra hagaðila í samráði við stjórn Samtaka orkusveitarfélaga.

# Orkuframtíð Íslands



## Aukning á orkuframleiðslu til 2040

Að margra mati þarf allt að tvöfalda núverandi raforkuframleiðslu fyrir árið 2040. Öruggt er að auka þarf hana umtalsvert til að mæta orkuskiptum.


## Núverandi orkuframleiðsla

Uppsett afl er um 3.000 MW og er nú þegar álag á kerfinu og tíðni skerðinga að aukast.


**Auka þarf því afl um allt að 175 MW á ári fram að 2040**

# Núverandi raforkuframleiðsla

## Orkuframleiðendur



## Orkuframleiðsla eftir landshluta



# MEGIN FLUTNINGSNET OG VIRKJANIR STÆRRI EN 10MW




## NÚVERANDI STAÐA 2023 UPPSETT AFL VIRKJANA

1	Vatnsfell	90 MW
2	Sigalda	150 MW
3	Hrauneyjar	210 MW
4	Búðarháls	95 MW
5	Sultartangi	125 MW
6	Búrfell I og II	370 MW
7	Steingrímsstöð	27 MW
8	Ljósifoss	16 MW
9	Írafoss	48 MW
10	Blanda	165 MW
11	Laxá I, II og III	26 MW
12	Þeistareykir	90 MW
13	Krafla	60 MW
14	Gufustóðin	5 MW
15	Fjötisdalur	690 MW
16	Helliheiðarvirkjun	303 MW
17	Nesjavallavirkjun	120 MW
18	Reykjavnesvirkjun	100 MW
19	Svartsengi	75 MW
20	Lagarfossvirkjun	27 MW
21	Brúarvirkjun	10 MW

**Samtals** 2.802 MW

# MEGIN FLUTNINGSNET OG VIRKJANIR STÆRRI EN 10MW



## NÚVERANDI STAÐA 2023 UPPSETT AFL VIRKJANA

1	Vatnsfell	90 MW
2	Sigalda	150 MW
3	Hrauneyjar	210 MW
4	Búðarháls	95 MW
5	Sultartangi	125 MW
6	Búrfeil I og II	370 MW
7	Steingrímsstöð	27 MW
8	Ljósifoss	16 MW
9	Írafoss	48 MW
10	Blanda	165 MW
11	Laxá I, II og III	26 MW
12	Þeistareykir	90 MW
13	Krafía	60 MW
14	Gufustöðin	5 MW
15	Fjötisdalur	690 MW
16	Hellisheiðarvirkjun	303 MW
17	Nesjavallavirkjun	120 MW
18	Reykjanesvirkjun	100 MW
19	Svartsengi	75 MW
20	Lagarfossvirkjun	27 MW
21	Brúarvirkjun	10 MW
<b>Samtals</b>		<b>2.802 MW</b>

## NÝTINGARFLOKKUR

Aflaukning í Þjórsá			350 MW
22	Hvammsvirkjun	90 MW	
23	Hvalárvirkjun	55 MW	
24	Austurgilsvirkjun	35 MW	
25	Hverahlíð II	90 MW	
26	Þverárdalur	90 MW	
27	Meitillinn	45 MW	
28	Stóra-Sandvík	50 MW	
29	Eldvörp (Svartsengi)	50 MW	
30	Sandfell Krísvík	100 MW	
31	Sveifluháls	100 MW	
32	Austurengjar	100 MW	
33	Veituleið Blöndu	31 MW	
34	Bjarnarfagsvirkjun	90 MW	
35	Kröfluvirkjun	150 MW	
36	Búrfellslundur	120 MW	
37	Blöndulundur	100 MW	
<b>Samtals</b>		<b>1.646 MW</b>	




# Núverandi ávinningur nærsamfélagsins af virkjunum

## Vatnsaflsvirkjanir

- Fasteignagjöld af stöðvarhúsi
- Fasteignagjöld af vatnsréttindum (einungis af Kárahnjúkavirkjun)

## Vindaflsvirkjanir

- Fasteignagjöld af undirstöðum vindmyllna



## Varmaflsvirkjanir

- Fasteignagjöld af stöðvarhúsi

# Áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar



# Áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar

## Nokkrar tölulegar staðreyndir

- 57 km<sup>2</sup> uppistöðulón – Háslón
- 1 km<sup>2</sup> uppistöðulón – Ufsalón
- 599m fallhæð
- 40 km aðrennslisgöng
- 6 hverflar
- 690 MW uppsett afl
- 4.800 gígavattstundir á ári



# Tekjur Austurlands af Kárahnjúkavirkjun

Kárahnjúkavirkjun kostaði 146 milljarða  
- núvirt er það 320 milljarðar


- Múlaping
  - Fasteignaskattur af vatnsréttindum (A-skattur) 11,7 milljónir
- Fljótsdalshreppur
  - Fasteignaskattur af stöðvarhúsi (C-skattur) 146,7 milljónir
  - Fasteignaskattur af vatnsréttindum (A-skattur) 3,2 milljónir

Beinn ávinningur nærsamfélags Kárahnjúkavirkjunar árið 2023 er 161,7 milljónir



# Tekjur af vindorkuframleiðslu

- Einungis undirstöður vindmyllna eru andlag til fasteignaskatts



A close-up photograph of a dense carpet of vibrant green moss. The moss is composed of many small, individual plants, creating a textured, carpet-like appearance. The lighting is soft, highlighting the various shades of green and the intricate details of the moss's structure.

“

**Við erum að segja,  
við getum ekki og ætlum ekki,  
að fórna okkar náttúru og auðlindum  
án þess að nærsamfélagið  
njóti sanngjarns ávinnings**

# Vinna starfsnefndar



## Vinnustofa um stefnumótun orkusveitarfélaga

**27. janúar** sl. var haldin stefnumótunarfundur Samtaka orkusveitarfélaga og kom skýrt fram á fundinum að sveitarfélög vilja sameinast um stefnu um auknar tekjur til nærsamfélags orkuvinnslu



## Starfsnefnd skipuð

**17. febrúar** skipar stjórn Samtaka orkusveitarfélaga starfsnefnd sem falið var að útbúa drög að sameiginlegri stefnu orkusveitarfélaga um auknar tekjur til nærsamfélags orkuvinnslu



## Vinnustofa um tekjuöflun nærsamfélags af orkuvinnslu

**9. mars** stóð starfsnefndin fyrir vinnustofu um leiðir til innheimtu sanngjarnra skatta og auðlindarentu tin nærsamfélags orkuvinnslu



## Kynningafundur um tillögur

**30. mars** eru drög að tillögum kynntar fyrir aðildarsveitarfélögum orkusveitarfélaga og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.



## Sameinuð í hagsmunagæslu um breytingar

Stefnt er að því að í **apríl** hefjist markviss markaðssetning og barátta fyrir breyttu lagaumhverfi varðandi orkuvinnslu og framlag þeirra til nærsamfélagsins.

# Nærsamfélag orkuvinnslu

Nærsamfélag orkuvinnslu er það landsvæði er verður fyrir beinum og óbeinum áhrifum af orkuvinnslu, þar á meðal landsvæði undir megin flutningskerfi raforku.

Öll mannvirki og stöðug áhrif er takmarkaða aðra notkun á landsvæði flokkast sem bein áhrif en óbein áhrif geta verið t.d. sjónræn, jarðhræringar eða áhrif á landnotkun og vatnasvæði.






# Tekjustofnar nærsamfélagsins af orkuvinnslu

Tekjustofnar nærsamfélagsins af orkuvinnslu ætti að vera blönduð leið af fasteignasköttum og auðlindarentu sem hægt er að útfæra t.d. sem ákveðið gjald af framleiðslugetu eða hlutdeild í framleiðslu.

Samhliða því er nauðsynlegt að breyta lögum svo aukin hluti mannvirkja tengd orkuvinnslu séu skráð til fasteignamats og andlag fasteignaskatts.


Tryggja þarf einnig að nærsamfélag megin flutningskerfi raforku sé tryggð hluti af tekjum.



# Tekjuskipting nærsamfélagsins af orkuvinnslu

Skipta þarf tekjum nærsamfélagsins af orkuvinnslu milli þeirra er verða fyrir beinum áhrifum, óbeinum áhrifum og til nærsamfélags megin flutningskerfis raforku.

Eðlilegt er að stærsti hlutinn fari til nærsamfélags er verður fyrir beinum áhrifum og nokkuð jöfn hlutföll séu milli þess svæðis er verður fyrir óbeinum áhrifum og til nærsamfélags flutningskerfisins.



# Minnisblað starfsnefndar Samtaka orkusveitarfélaga

## Tilgangur og markmið Samtaka orkusveitarfélaga

Tilgangur samtakanna er að standa vörð um hagsmuni aðildarsveitarfélaga í öllum málum sem tengjast byggingu orkuvera og virkjana, orkunýtingar, fjárhagslegum hagsmunum í þessu sambandi og umhverfismálum. Að auki að taka þátt í mótun reglna um skattlagningu virkjana og orkufyrirtækja ásamt öðrum fjárhagslegum og umhverfislegum atriðum sem tengjast nýtingu orkuauðlinda.

## Stefnumótun Samtaka orkusveitarfélaga

Í kjölfar vinnustofu um stefnumótun orkusveitarfélaga í byrjun árs 2023 var skipuð starfsnefnd sem hafði það hlutverk að vinna tillögur að breytingum hvað varðar tekjur sveitarfélaga af orkuframleiðslu, leggja fram drög að nýju lagaumhverfi um orkuvinnslu á Íslandi og koma á virku samtali allra hagaðila í samráði við stjórn Samtaka orkusveitarfélaga.

Niðurstöður þessarar starfsnefndar er að finna í þessu minnisblaði.

## Ákvörðunarvald um virkjanaframkvæmdir

Alþingi ákveður hvar verður virkjað í rammaáætlun hverju sinni og ber sveitarfélögum að taka það inn í skipulagsáætlanir samkvæmt lögum

## Ávinningur nærsamfélagsins

Núverandi staða er sú að aðeins lítill hluti ávinnings af orkuframleiðslu verður eftir í nærsamfélagi orkuframleiðslu, þrátt fyrir mikil nákvæð bein og óbein áhrif séu til staðar í nærsamfélaginu.

Núverandi ávinningur nærsamfélagsins af virkjunum er aðeins fasteignagjöld af hluta þeirra orkumannvirkja sem ekki eru undanþegin fasteignamati og fasteignaskatti.

Ávinningur framleiðslu rafmagns er minnstur þar sem orkan er framleidd og mest þar sem orkan er nýtt og eru flest sérfræðistörf staðsett á höfuðborgarsvæðinu.

Ávinningur landsbyggðarinnar af framleiðslu orku er ekki jafnaður og er það ófrávíkjanleg krafa að farið verði í afnám dreifbýlisgjalds rafmagns.

### Vatnsaflsvirkjanir


- Fasteignagjöld af stöðvarhúsi
- Fasteignagjöld af vatnsréttindum

### Varmaafsvirkjanir

- Fasteignagjöld af stöðvarhúsi

### Vindaflsvirkjanir

- Fasteignagjöld af undirstöðum vindmyllna




# Helstu niðurstöður starfsnefndar

## Nærsamfélag orkuvinnslu

Nærsamfélag orkuvinnslu er það landsvæði er verður fyrir beinum og óbeinum áhrifum af orkuvinnslu, þar á meðal landsvæði undir megin flutningskerfi raforku.

Öll mannvirki og stöðug áhrif er takmarka aðra notkun á landsvæði flokkast sem bein áhrif en óbein áhrif geta verið t.d. sjónræn, jarðhræringar eða áhrif á landnotkun og vatnasvæði.



## Tekjuskipting nærsamfélagsins af orkuvinnslu

Skipta þarf tekjum nærsamfélagsins af orkuvinnslu milli þeirra er verða fyrir beinum áhrifum, óbeinum áhrifum og til nærsamfélags megin flutningskerfis raforku.

Eðlilegt er að stærsti hlutinn fari til nærsamfélags er verður fyrir beinum áhrifum og nokkuð jöfn hlutföll séu milli þess svæðis er verður fyrir óbeinum áhrifum og til nærsamfélags flutningskerfisins.

## Tekjustofnar nærsamfélagsins af orkuvinnslu

Tekjustofnar nærsamfélagsins af orkuvinnslu ætti að vera blönduð leið af fasteignasköttum og auðlindarentu sem hægt er að útfæra t.d. sem ákveðið gjald af framleiðslugetu eða hlutdeild í framleiðslu.

Samhliða því er nauðsynlegt að breyta lögum svo aukin hluti mannvirkja tengd orkuvinnslu séu skráð til fasteignamats og andlag fasteignaskatts.

Tryggja þarf einnig að nærsamfélag megin flutningskerfi raforku sé tryggð hluti af tekjum.

## Samstaða orkusveitarfélaga

Nærsamfélag orkuvinnslu á ekki og getur ekki fórnað sinni náttúru og auðlindum án þess að njóta sanngjarns ávinnings af orkuframleiðslunni.